

Fóstureyðingar í nafni kvenfrelsis eru öfugmæli

Athugasemd við 393. mál á 149. Löggjafarþingi: þungunarrof

24/01/2019

Marie Jannie Madeleine Legatelois

Móðir Theresa sagði þegar hún tók við friðarverðlaunum Nóbels að ekkert leiði til eins mikils stríðsástands fóstureyðing, því hvar eru mörkin ef móðir má drepa sitt eigið barn?

Ég er 29 ára sjálfstæð kona, MSc. , fjögurta barna móðir og vil að borin sé virðing fyrir öllum börnum.

Ég veit að ég mun ekki afla mér vinsælda með því að skrifa þessa grein en ég finn mig knúna til þess vegna skorts á vísindalegum staðreyndum í umræðu um fóstureyðingar síðustu ár (rannsóknir og opinber tölfræði er aftast í greininni). Nauðsynleg forsenda þess að bæta samfélagið er að ræða öll mál opinskátt, virða ólíkar skoðanir, velta þeim fyrir sér fordómalaust og leyfa sér að efast um sínar eigin. Árásir á fólk vegna skoðana þess er kúgun af sama meiði og myrkustu kaflar mannkynssögunnar.

Virðingarleysi gagnvart lífsverndarsinum

Fóstureyðingar eru eitt viðkvæmasta umræðuefnið í samfélaginu. Það þarf hugrekki til að tjá efasemdir sínar og mæta þeim hriðarbyl haturs sem bíður okkar lífsverndarsinna. Þetta var greinilegt þegar Ívar Halldórsson birti [sína grein](#).

Er fólk orðið svo siðblint að það vilji útskúfa þeim sem vilja bjarga sak- og varnarlausum mannlífum? Er rökhugsunin sjálf í útrýmingarhættu vegna svokallaðs pólitísku rétttrúnaðar? Ég ætla að láta á það reyna með því að sýna hvernig fóstureyðingar eru skaðlegar fyrir konur, ekki er nægilega mikið gert til að koma í veg fyrir þær og að vísindalegar staðreyndir styðja við málflutning lífsverndarsinna.

Þegar það má ekki gagnrýna hluti í stefnu samfélagsins þrífst vanþekking og hugsanaprældómur stórra hópa af fólk, en sú þjáning sem stefnan veldur heldur óskoruð áfram. Nú eru skattar innheimtir með valdi til þess m.a. að greiða að fullu fyrir fóstureyðingar. Þannig búum við við gerræði fóstureyðingarstefnunnar en ekkert er gert til að takast á við orsakir fóstureyðinga. Þessi stefna dregur verulega úr hamingju, réttindum og öryggi kvenna. Bann við fóstureyðingum er samt ekki besta lausnin, heldur þarf að sjá til þess að fóstureyðingar verði óþarfar.

Vanþekking á því hvað fóstureyðing er

Vísindin eru einróma um það að nýtt mennskt líf hefjist við getnað. Þegar Landsspítalinn gefur út bækling með upplýsingum sem benda til annars, er hann að ljúga að fólk. Það er erfiðara að segja hvenær meðvitund myndast, en þótt manneskja sé í ekki með meðvitund í venjulegum skilningi má ekki gera það sem okkur dettur í hug við hana. Fóstur byrjar að búa til taugavef um 16 dögum eftir frjóvgun, vísir að heila er tilbúinn við 7 vikur og nokkrum dögum síðar getur það hreyft sig. Stóra

spurningin sem sennilega verður ekki svarað í bráð er hvort meðvitund verður til á þessum tíma, síðar eða jafnvel fyrr. Lausnin er að beita svokallaðri varúðarreglu. Hún á alltaf við þegar tekin er ákvörðun byggð á takmörkuðum upplýsingum, t.d. um hvort byggja eigi stíflu, dæma grunaðan glæpamann eða hvort við ætlum að fara yfir götu og segir að við gerum ráð fyrir að þær breytur sem við þekkjum ekki séu okkur í óhag. Þ.e. að umhverfisáhrif geti verið slæm, maður sé saklaus uns sekt er sönnuð, lítum til beggja átta áður en við göngum yfir og leyfum fóstrinu að njóta vafans.

Líffræðilega er fóstur EKKI líkami móðurinnar. Það er með sitt eigið genamengi, þroskast sjálfstætt og sendir móðurinni efni sem láta líkama hennar vita að hún eigi að hlúa að fóstrinu. Naflastrengurinn og hluti af fylgjinni eru gerð úr frumum þess. Vissulega þarf það á móðurinni að halda, alveg eins börn og reyndar flestir í samfélaginu þurfa á öðrum einstaklingum að halda. Ef barn er tekið úr móður kallar líkaminn á það og vill næra það og elska. Mjólkurframleiðsla getur farið af stað jafnvel þótt konan sé aðeins komin fjórar vikur á leið.

Fylgjendur fóstureyðinga viðurkenna nú flestir að um sé að ræða „morð“, sem þeim finnst þó ásættanlegt. Nærtækara er kannski að kalla fóstureyðingu dauðadóm, en það er ómögulegt að finna svo óréttláta dóma í sögu mannkyns. Fóstureyðingar grafa undan svokölluðum mannréttindum og leiða, eins og Móðir Theresa sagði, til eyðileggingar og stríðs. Sem dæmi þá er víða verið að hvetja til aukins líknardráps, jafnvel á börnum, og fólk er neitað um heilbrigðisþjónustu vegna þess að það ku vera of dýrt að halda því á lífi.

Á Íslandi eru fóstureyðingar löglegar að 16. viku meðgöngu, og allt upp að fæðingu ef fæðingargallar eru uppgötvaðir. Réttlætningin virðist vera sú að fyrir 16. viku skynji fóstur ekki sársauka og að fatlað fólk sé í raun ekki manneskjur. En ef nú á að lengja frestinn til 22 vikna, stenst þessi réttlætning ekki lengur því fóstur finnur sársauki a.m.k. frá 20. viku, sennilega 16. viku eða fyrr. Í öllu falli er réttlætning á því að drepa manneskju af því hún finnur ekki sársauka er ekki til í neinu öðru samhengi. Hefur einhver áhuga á því að láta hluta sig í sundur þótt hann fái deyfingu?

Það eru til hræðileg myndbönd sem sýna fóstur flýja undan skurðtolum fóstureyðingartækisins en það eru fáir sem vita hvað gerist í þessari aðgerð. Meira að segja konum sem fara og láta eyða fósturi er að mestu hlíft við þessum upplýsingum þótt það sé lögbundið að fræða þær. Stundum er notuð saltlausn sem brennir fósturið og sprengir frumurnar, svo hin sívinsæla leghálsvíkkun og legttæming með töng og sögi, banvæn sprauta, legttæming með sögi, sundurlimun (einn og einn útlímur tekinn af og út í þeirri röð sem lækurinn nær í þá), höfuðkúpumölvun og hálf-fæðingar dráp (þótt það sé ólöglegt). Myndi það ekki fækka fóstureyðingum ef fólk vissi meira um hvað á sér stað?

Þetta er ekki einu sinni það versta því oft lifir fóstur aðgerðina af (10% fóstureyðinga við 23 vikur), en er skilið eftir til að deyja þar sem það berst fyrir lífi sínu (t.d. á stáldiski eða í vaski) eða það er kæft, barið eða sprautað með eitri. Þetta er vissulega mannréttindabrot, en það er ekkert gert í því vegna þess að það myndi vekja upp ýmsar réttmætar spurningar um fóstureyðingar, sérstaklega þær sem eru framkvæmdar eftir 20 vikur.

Hægt er að leysa þau vandamál sem leiða til fóstureyðinga

Konur fara þessa leið vegna fjárhags (73%); vinnu, náms eða umönnunar (74%); sambandsplita/erfiðleika (48%). Þá nefna 13% áhyggjur af eigin heilsu, 12% af heilsu barnsins, 32%

telja sig ekki tilbúna og 20% telja þrýsting frá fjölskyldu hafa haft áhrif á ákvörðun þeirra að fara í fóstureyðingu.

Margar leiðir eru þekktar til að taka á þessum ástæðum í gegn um forvarnarstarf, fræðslu, opinbera stefnumótun og stuðning, en hvers vegna er svona lítið gert til að taka á rótum vandans? Íslensk lög leyfa aðeins fóstureyðingu ef miklar og brýnar ástæður eru fyrir hendi, en framkvæmd laganna er þannig að konur geta farið í þessa aðgerð nánast óafskiptar, sem varagetnaðarvörn.

Fóstureyðingarsinnar hafa miklar áhyggjur af konum sem er nauðgað og vilja losa sig undan því að bera barn ódæðismannsins. Þá þarf í fyrsta lagi að taka fram að slíkt tilfelli eru mjög sjaldgæf, ca. 0,5% af fóstureyðingum. Það er skiljanlega erfitt fyrir konur að ganga með slíkt barn, en það breytir því ekki að barnið er saklaust af gjörðum föðurins og að það er slæmt fyrir móðurina sjálfa að nota þetta inngrip sem mun aldrei lækna sárin sem hann olli. Konur í þessari stöðu eiga skilið enn meiri stuðning við þá hetjudáð að bera barnið, jafnvel þótt þær gefi það til ættleiðingar.

Eina skiptið sem fóstureyðing er skynsamleg fyrir samfélagið (eða einstaklingana) er þegar meðgangan mun leiða til dauða móður og barns, t.d. eins og flest utanlegsfóstur (sem er líka hægt að gera meira til að koma í veg fyrir).

Þekkingarskortur er stærsta orsök

Ungt fólk fær mjög takmarkaða fræðslu um foreldrahlutverkið, meðgöngu, erfðasjúkdóma, fæðingu, fósturþroska, fóstureyðingar, getnaðarvarnir og siðfræði kynlífs. Samkvæmt lögum eiga öll skólástig að sinna kynfræðslu og kenna siðfræði eðlilegs kynlífs, en kennslan er engin eða nánast engin. Eftirsjá er óhjákvæmileg ef maður tekur ákvarðanir byggðar á ranghugmyndum, og margir uppgötva sannleikann of seint.

Foreldrar eru of uppteknir til að fræða börnin sín um þetta, vita kannski lítið sjálfir og finnst óþægilegt að gera það. Fólk á svo fá börn núna og sér sem minnst um þau sjálf. Í poppmenningunni er allt á kafi í efni sem býr til einhverja hræðilega mynd af því að eiga og ala upp börn. Svo er kynlíf selt þannig að þú sért ekki „in“ ef þú ert ekki byrjuð að stunda það OG þú megir gera það eins mikið og þú vilt án þess að eignast börn. Engin getnaðarvörn er 100% örugg eða laus við aukaverkanir og það þarf ekki að vera flokkið að ala upp börn.

Áhrif fóstureyðinga á móður eru vísindalega sönnuð

Vissir þú að líkur á fósturmissi eða fyrirburafæðingu í næstu meðgöngu aukast um 15 til 750 prósentustig eftir fóstureyðingu (gríðarlega auknar líkur ef kona er með stuttan legháls)? Veistu hversu margar konur finna til sársauka (allt að 90%), fá áfallastreituröskun (81%, þar af 10% vegna aðgerðarinnar), sýkingar (5 til 12%), alvarlega innvortis blæðingu (1%), þurfa aðra aðgerð því fóstureyðingin var ófullkomin (0,16 til 8%), skurð í gegnum leg eða líffæri (0,8 til 1,98%), ófrjósemi (0,1%) eða fremja sjálfsmorð (92% aukin hættu)?

Eftir fóstureyðingu slitnar upp úr 40 til 75% sambanda...heldurðu að ást og morð eigi samleið?

Þú hefur kannski þá hugmynd (ef þú hefur ekki reynt) að fæðing sé bara viðbjóður og sársauki og í kjölfarið verði þú og barnsfaðirinn ekkert nema þrælarnir barnsins en fóstureyðing sé auðveld (skemmtilega) leiðin. Þetta er órafjarri sannleikanum. Áhætta og sársauki við fæðingu eru oft minni

en við fóstureyðingu. Þessi aðgerð brýst framhá eðlilegri virkni líkamans og undirbúningi fyrir fæðingu (eða náttúrulegan fósturmissi). Því ætti að vera augljóst að hún veldur oft meiri andlegum og líkamlegum skaða.

Hvers vegna er líka nánast undanteknilaust þrýst á mæður að setja af stað fæðingu þegar fóstur er greint ólífvænlegt? Það kemur fyrir að greining sé röng og stundum gerast læknisfræðileg kraftaverk.

Það virðist vera uppi þöggum um það að margar konur sjái eftir þessari ákvörðun og séu oft í mörg ár að takast á við sársaukann sem fylgir í kjölfarið. Það er engin kvenréttindabaráttá sem stuðlar að hamingju kvenna að berjast fyrir auknu aðgengi að þessari aðgerð, með sem stystum umhugsunartíma, byggðum á villandi upplýsingum. Ef þú vilt konum fyrir bestu áttu að berjast af alvöru gegn ástæðum fóstureyðinga. Heldurðu virkilega að það sé betra að kona fari í fóstureyðingu en sjái svo eftir því heldur en að hún eigi barn í óvissu? Hefur annars nokkur móðir óskað þess að hafa drepið barnið sitt eftir að það er komið í heiminn? Sá sem bjargar mannlífi er í raun að bjarga öllum heiminum (fyrir þann einstakling).

Svo er barnaupveldi allt annað en þrældómur því það er gríðarlega gefandi hlutverk og eykur hamingju kvenna. Hvers vegna fjármagnar ríkið fóstureyðingu að fullu, en ekki barnsburð, ef það á að vernda þegnana? Er þetta ekki ósanngjarn og skekkir ákvarðanatöku kvenna?

Mannréttindabrot í skugga „rétthugsunar“

Það er alltaf talað um rétt móðurinnar yfir sínum líkama. Þegar hún nýtti þennan rétt til að stunda kynlíf myndaðist ábyrgð á móti gagnvart þeim möguleikum að smitast af kynsjúkdómi eða verða ólétt, og eins og áður kom fram er fóstur ekki hennar líkami. En hvað um réttindi föðursins, lifandi og komandi systkina (það er þekkt að fóstureyðing getur haft veruleg sálræn áhrif á börn) og annarra fjölskyldumeðlima? Eins og lögin eru er lítið mál fyrir konur að leyna þessu.

Við „fögnum fjölbreytileikanum“ t.d. með því að segja að fatlaðir eigi skilið að lifa eins lífi og við hin. Samt sér enginn mótsögnina í því að standa að þjóðarmorði á Downsólki (100% greindra voru drepin í móðurkviði árin 2007-2012)? Þetta fullkomnunarkölt, sem lifir m.a. í mennta- og heilbrigðiskerfinu, má kalla glæpsamlegt en er virkilega siðlaust.

Lífið snýst ekki um einhverja staðlaða fullkomnun (hver hennar þennan staðal?). Fólk sem gengur í gegn um hræðilega erfiðleika á oft miklar hamingjustundir, brosir og gerir undursamlega hluti á meðan sumir sem eiga „allt til alls“ eru bara fúlir og spilla fyrir öðrum.

Milljónir manna eiga í erfiðleikum með að geta eða ættleiða barn. Háværir hópar líta á það sem réttindi sín að fá aðgang að legi staðgöngumóður og/eða að ríkið borgi tæknifrjóvgun. Væri ekki betra fyrir alla að stuðla að og auglýsa betur ættleiðingu sem kost í stað fóstureyðingar?

Hluti af samfélagskerfi sem er þvingað upp á okkur

Fóstureyðingar eru að mestu leyti vegna félagskerfisins sem segir okkur að læra fyrst, komast svo á vinnumarkað og loks eignast börn sem við látum ríkið ala upp. Afleiðingin er að aldur mæðra fer hækkandi, þær eru þvingaðar sífelld meira á vinnumarkað og þær verða að fara fóstureyðingu ef tímasetningin er ekki fullkomin (annars værirðu að „eyðileggja“ lífið þitt. Sjá t.d. [þessi grein](#)). Beinir

afleiðingar eru erfiðleikar við að geta börn (er þetta ekki einhver hringavitleysa?...vissirðu að frjósemi kvenna minnkar hratt frá 21 árs?), lífstíllssjúkdómar og óhamingja kvenna.

Af hverju skilja femínistar það ekki að með því að berjast fyrir þessum svokallaða rétti til að vera kynlífsleikföng karla, eyða fósturum ef illa fer og gerast launaþrælar séu þær að vinna gegn sjálfum sér?

Er þetta það sem við viljum?

Við ættum alltaf að spyrja okkur hvort það sé virkilega í lagi með hlutina eins og þeir eru. Þetta samfélag leyfir nánast engin mistök eða frávik foreldra í sínu hlutverki, en litið er á ófædd ungbörn sem frumuklessur eða sníkjudýr í móðurinni. Dráp á viðkvæmstu manneskjnum er hylt sem réttindi og ekkert er gert til að leysa vandann.

Margir fremstu hugsuðir mannkyns hafa haft það á orði að best sé að dæma menningarstig þjóða á því hvernig þær koma fram við sína við veikustu meðlimi. Það er því erfitt að halda því fram að við séum á hærra plani en hin ýmsu dauðakölt sögunnar.

Heimildir

[The paradox of declining female happiness](#)

[Depression associated with abortion and childbirth: a long-term analysis of the NLSY cohort](#)

[Does induced abortion account for racial disparity in preterm births, and violate the Nuremberg code?](#)

[Research on abortion and preterm birth](#)

[Abortion and mental health: quantitative synthesis and analysis of research published 1995–2009](#)

[Randomised treatment trial of bacterial vaginosis to prevent post-abortion complication](#)

[A randomised comparison of strategies for reducing infective complications of induced abortion](#)

[Management of side effects and complications in medical abortion](#)

[Short communication: Termination of pregnancy for fetal anomaly: a population-based study 1995 to 2004](#)

[Uterine perforation during elective first trimester abortions: a 13 year review](#)

[The frequency and management of uterine perforations during first-trimester abortions](#)

[Landspítali/fósturevðingar](#)

[Reasons U.S. Women Have Abortions: Quantitative and Qualitative Perspectives](#)

[Improving technologies to reduce abortion-related morbidity and mortality](#)

[Happiness and Childbearing Across Europe](#)

[Suicides after pregnancy in Finland, 1987-94: register linkage study](#)

[Adverse Psychological Reactions: A Fact Sheet](#)

[Women's Health After Abortion](#)

[Men and Abortion: A Review of Empirical Reports Concerning the Impact of Abortion on Men](#)

[Termination rates after prenatal diagnosis of Down syndrome, spina bifida, anencephaly, and Turner and Klinefelter syndromes: a systematic literature review](#)

[Risk factors for ectopic pregnancy: a meta-analysis](#)

[Risk Factors for Ectopic Pregnancy: A Comprehensive Analysis Based on a Large Case-Control, Population-based Study in France](#)

[The biological and philosophical definitions of life](#)

[Spirituality at the beginning of life](#)

[ECLJ-Council of Europe presentation of the petition against neonatal infanticide](#)

[Transvaginal ultrasonic assessment of the early fetal brain](#)

[Pain assessment in fetus and infants](#)

[Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fósturevðingar og ófrjósemisaðgerðir](#)

[Þetta er stelpa sem mér var sagt að eyða: Hvað ef fleira myndi sjást í sónar?](#)